



Varðandi: Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar
Málsnúmer: 1801118
Dagsetning: 10. janúar 2018

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 73. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 10. janúar 2018 var fjallað um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að breyting verði gerð á grein 11. í Reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar. Velferðar- og mannréttindaráð vísar samþykkt sinni til staðfestingar í bæjarráði og bæjarstjórn.

Velferðar- og mannréttindaráð bókaði einnig á fundi sínum að það óskar eftir því að reglurnar verði endurskoðaðar í heild sinni með tilliti til breytinga á orðalagi og lagðar aftur fyrir ráðið mars 2018.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar í reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar hefur hækkað eins og gjaldskrár Akraneskaupstaðar síðustu ár. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á fundi sínum að leggja til við bæjarráð að eftirfarandi breyting verði gerð á grein 11. í Reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar:

11. grein. Grunnfjárhæð. Framfærsla barna ekki talin með

*Fjárhagsaðstoð til einstaklinga 18 ára og eldir getur numið allt að kr. 160.000 á mánuði, hér eftir nefnd grunnupphæð. Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að kr. 256.000 á mánuði (kr.160.000 grunnupphæð * 1,6). Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á þjónustubörf. Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðar- og mannréttindaráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.*



Akraneskaupstaður

Með þessum breytingum á grunnupphæð fjárhagsaðstoðar Akraneskaupstaðar hækki grunnupphæð fjárhagsaðstoðar um 7.37% 1. janúar 2018 í stað 2.2% sem lagt er til í fjárhagsáætlun 2018. Hækkunin, 7.37%, rúmast innan 02110 Fjárhagsaðstoðar fjárhagsáætlunar 2018.

Svala Hreinsdóttir

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs